



Rannsóknasjóður



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Samfélög án aðgreiningar: Mat innflytjenda á eigin færni í Íslensku

© Lara Wilhelmine Hoffmann, Kjartan Ólafsson og Markus Hermann Meckl

Samfélög án aðgreiningar: Mat innflytjenda á eigin færni í Íslensku.

Háskólinn á Akureyri 2023

ISBN 978-9935-505-08-8

Þessi skýrsla er skrifuð með stuðningi frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu.

Höfundar skýrslunnar þakka Pamelu Innes og Charlotte Wolff fyrir gagnlegar athugasemdir við þróun spurningalistans sem notaður var í þessari rannsókn.

Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
English summary	4
Inngangur.....	5
Rannsóknarspurningar og gögn	7
Niðurstöður	9
Umræður og ályktanir.....	19
Heimildir.....	20

Samantekt

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum könnunar sem gerð var síðla árs 2021 og framá vorið 2022 og sem er sjálfstætt framhald rannsóknarverkefnis sem unnið var að á árunum 2018 til 2020 undir yfirskriftinni Samfélög án aðgreiningar? Aðlögun innflytjenda á Íslandi. Meðal þess sem kom fram í þeirri rannsókn var að aðeins lítill hluti innflytjenda taldi sig hafa góð tök á íslensku (sjá Ómar Hjalti Sölvason og Markus Hermann Meckl, 2019). Því var ráðist í að gera könnun með það að markmiði að skoða nánar ýmsa þætti er lúta að kunnáttu í íslensku og notkun á íslensku sem og viðhorf til íslenskunámskeiða. Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum þessarar framhaldskönnunar.

Notast var við samskonar úrtaksaðferð (snjóboltaúrtak) og fyrri könnun um svipuð málefni (sem gerð var árið 2018). Þátttakendur voru 966 og stærsti einstaki hópurinn er frá mið- eða Austur Evrópu. Ríflega helmingur þátttakenda er á aldrinum 26-40 ára og tveir þriðju hlutar þeirra eru konur. Flest hafa búið á Íslandi þrjú ár eða lengur.

Niðurstöður eru meðal annars þær að aðeins um einn af hverjum tíu innflytjendum telja sig hafa mjög góða færni í íslensku og um fimmtungur telur færni sína vera frekar eða mjög góða. Til samanburðar þá telur um helmingur þátttakenda færni sína í ensku vera mjög góða. Þegar litið er saman á færni þátttakenda í íslensku og ensku þá má skipta hópnum í þrennt. Um fjórðungur telja sig hafa frekar góða eða mjög góða færni í íslensku og nær öll í þessum hópi hafa líka góða færni í ensku. Ríflega helmingur telur sig hafa góða færni í ensku en ekki góða færni í íslensku. Þriðju hópurinn hefur svo hvorki góða færni í íslensku né ensku.

Það er svo nokkuð misjafnt eftir bakgrunni innflytjenda hversu líkleg þau eru til að falla í hvern þessara þriggja hópa. Þannig eru karlar sem komnir eru yfir fertugt, eru frá Mið- eða Austur Evrópu og hafa ekki lokið námi á háskólastigi hlutfallslega mjög líklegir til að vera í þeim hópi innflytjenda sem á erfitt með bæði íslensku og ensku.

Innflytjendur reyna almennt að nota íslensku í ýmsum aðstæðum og þannig segja um 60% þeirra sem ekki telja sig hafa góða færni í íslensku það vera mjög eða frekar líklegt að þau noti íslensku í verslun. Mun lægra hlutfall gera það hins vegar við meira krefjandi aðstæður, svo sem í óformlegum samræðum við vini eða í læknisheimsókn. Algengt er að innflytjendum sé svarað á ensku þegar þau tala íslensku og nokkuð er um að gert sé grín að þeim sem tala íslensku með hreim og að komið sé óvingjarnlega fram við innflytjendur vegna íslenskukunnáttu þeirra.

English summary

This is a report on the main results of a survey conducted in late 2021 and early spring 2022, as an independent continuation of a research project that was carried out between 2018 and 2020 under the title *Inclusive societies? Integration of immigrants in Iceland*. Among the findings of that study was that only a small proportion of immigrants considered themselves to have a good command of Icelandic (see Ómar Hjalti Sölvason and Markus Hermann Meckl, 2019). Therefore, it was decided to conduct a survey with the aim of examining in more detail various aspects related to knowledge of Icelandic and the use of Icelandic, as well as attitudes towards Icelandic courses. This report details the results of this follow-up survey.

The same sampling method (snowball sampling) was used as in a previous survey on similar issues (conducted in 2018). There were 966 participants and the largest individual group is from Central or Eastern Europe. More than half of the participants are between the ages of 26-40 and two-thirds of them are women. Most have lived in Iceland for three years or more.

Results include that only about one in ten immigrants consider themselves to have very good skills in Icelandic, and about a fifth consider their skills to be rather or very good. In comparison, about half of the participants consider their English skills to be very good. When looking at the participants' skills in Icelandic and English, the group can be divided into three groups. About a quarter consider themselves to have fairly good or very good skills in Icelandic, and almost everyone in this group also has good skills in English. More than half consider themselves to have good skills in English but not good skills in Icelandic. The third group does not have good skills in either Icelandic or English.

There are important differences by the background of the immigrants how likely they are to fall into each of these three groups. Thus, men who are over forty, are from Central or Eastern Europe and have not completed their studies at university level are relatively very likely to be in the group of immigrants who have difficulty with both Icelandic and English.

Immigrants generally try to use Icelandic in various situations, and thus about 60% of those who do not consider themselves to have good skills in Icelandic say that it is very or rather likely that they will use Icelandic in a shop. However, a much lower percentage do so in more demanding situations, such as in informal conversations with friends or during a doctor's visit. It is common for immigrants to be answered in English when they speak Icelandic, and some report being made fun or treated unkindly as a result of speaking Icelandic with an accent.

Inngangur

Ekkert lát hefur verið á fjölgun innflytjenda á Íslandi um margra ára skeið. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands voru innflytjenda 1. Janúar 2022 61.148 eða 16,3% mannfjöldans á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2022). Mismunandi tungumál og íslenska töluð með mismunandi hreim eru nú hluti af tungumálaumhverfinu á Íslandi. Þessar samfélagsbreytingar hafa leitt til spurninga um notkun og kennslu á íslensku sem öðru tungumáli sem og framtíð íslenskunnar. Í könnun sem gerð var haustið 2018 í rannsóknarverkefninu „Samfélög án aðgreiningar? Aðlögun innflytjenda á Íslandi“, kom í ljós að 59% þátttakanda voru óánægð með íslenskunámskeið sem hau höfðu sótt (Ómar Hjalti Sölvason og Markus Hermann Meckl, 2019). Nánar er fjallað um niðurstöður þessa rannsóknarverkefnis í skýrslu sem út kom 2019 (sjá Ómar Hjalti Sölvason og Markus Hermann Meckl, 2019) sem og í nokkrum ritrýndum fræðigreinum (Hoffmann et al., 2021; Hoffmann & Holm, 2022). Til að fá frekari innsýn í upplifun innflytjenda af íslenskunámi á Íslandi var ráðist í framhaldsrannsókn undir sem styrkt var af Þróunarsjóði innflytjendamála, Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri og Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Notast var við blandaða rannsóknaraðferð. Niðurstöður þessa rannsóknarverkefnis eru kynntar í þessari skýrslu. Svörin við spurningunum í þessari rannsókn munu vonandi hjálpa til við að auka skilning á reynslu innflytjenda við að læra og nota íslensku sem og hvata þeirra til að læra tungumálið, ákvarðanir sem þeir taka varðandi tungumálið og hvaða aðferðir í íslenskukennslu þeim finnst gagnlegastar. Í byrjun árs 2018, árið sem síðasta skýrsla var gerð, voru innflytjendur um 12,6% mannfjöldans á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2018) og hefur því vaxið um 3,7% á næstu fjórum árum þar á eftir.

Á þeim tíma hafa ýmsar aðrar breytingar átt sér stað. Þar má nefna Covid-19 heimsfaraldurinn auk breytinga á uppbyggingu íslenskrar menntunar. Árið 2021 voru gerðar umfangmiklar breytingar á aðalnámskrá grunnskóla og þar var meðal annars horft til kennslu í íslensku sem annað mál. Markmiðið þessarar breytinga var að „tryggja börnum með annað tungumál en íslensku og öðrum fjöltungum börnum menntun sem undirbýr þau undir virka þátttöku í samfélaginu og nám á öðrum skólastigum“ (Menntamálastofnun, 2022). Hæfnisvið og hæfniráttur voru þróuð til að efla þekkingu og skipuleggja betri kennslu í íslensku sem öðru tungumáli fyrir nemendur í grunnskólum (Menntamálastofnun, 2022). Í Nóvember 2022 stofnaði forsætisráðherra (Katrín Jakobsdóttir) ráðherranefnd um íslenska tungu og er „ráðherranefndinni [...] ætlað að efla samráð og samstarf milli ráðuneyta um málefni íslenskrar tungu og tryggja samhæfingu þar sem málefni skarast.“ (Stjórnarráðið, 2022). Í þessum ráðherranefnd eru ráðherrar fimm ráðuneyta: Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra,

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir menningar- og viðskiptaráðherra og Guðmundur Ingi Guðbrandsson félags- og vinnumarkaðsráðherra. Þessi þróun er enn í gangi. Á frétt sem var birt á heimasíðu Mímis sem fjallar um fund þessarar nefndar eru nefnd nokkur svið þar sem úrbóta er þörf: 1. Miðlæg ráðgjöf og þróun málaflokksins, 2. Fagnámskeið fyrir kennara á námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga, 3. Stefna um skilgreinda hæfni aðfluttra í íslensku og kostnaðarþátttöku hins opinbera, 4. Skilgreina hæfniramma fyrir málaflokkinn, 5. Samræmt stöðumat og hæfnimat (Farskólinn, 2023).

Rannsóknarspurningar og gögn

Gagnaöflun fór fram veturinn 2021/2022 og var í formi rafrænnar spurningakönnunar sem sett var upp í SoGosurvey og aðgengileg á fimm tungumálum (ensku, íslensku, pólsku, litáísku og arabísku). Notast var við snjóboltaúrtak til að afla þátttakenda og könnuninni dreift gegnum ýmsa tengiliði sem gátu sent boð um þátttöku til aðila í úrtakshópnum. Unnt var að svara könnuninni með öllum tækjum sem nota má til að tengjast internetinu svo sem tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum.

Með því að notast við snjóboltaúrtak var leitast við að sneiða hjá þeim vandkvæðum sem eru á að nálgast innflytjendur eftir hefðbundnum leiðum, svo sem eins og með þjóðskrárártaki. Reynslan hefur sýnt að erfitt getur verið að fá innflytjendur til að taka þátt í slíkum könnunum. Þar koma bæði til kerfisbundnir þættir eins og að erfitt er að nálgast réttar upplýsingar um heimilisfang eða símanúmer svo unnt sé að hafa samband við viðkomandi en líka menningarbundnir þættir þar sem sumir innflytjendur tortryggja upplýsingaöflun á vegum opinberra eða hálf-opinberra aðila. Með því að nálgast mögulega þátttakendur gegnum tengilið sem njóta trausts má þannig ná til aðila sem ella hefðu verið ólíkleg til þátttöku í rannsókn af því tagi sem hér um ræðir. Hins vegar þarf að hafa þann fyrirvara að snjóboltaúrtak uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til líkindaúrtaka um að líkur hvers einstaklings í þýði á að lenda í úrtaki séu þekktar og úrtök af þessu tagi verða því ekki notuð til að draga ályktanir um stærðir í þýði. Það þýðir að hafa verður fyrirvara um niðurstöður sem fela til dæmis í sér fjölda þeirra sem eru á tiltekinni skoðun. Hins vegar þarf ekki að hafa samskonar fyrirvara um ályktanir sem snúa að tengslum í þýði. Það þýðir að niðurstöður sem fela til dæmis í sér skoðun á mun milli hópa ættu að jafnaði að vera nokkuð áreiðanlegar (Atkinson og Flint, 2001).

Til þess að gæta trúnaðar við þátttakendur var ekki spurt um þjóðerni heldur voru viðkomandi aðeins beðin um að tilgreina uppruna eftir heimsálfum og landssvæðum. Af sömu ástæðu var ekki Tafla 1 sýnir skiptingu þátttakenda eftir ýmsum bakgrunnspáttum. Þar má sjá að stærsti hópurinn frá mið- eða austur Evrópu. Þetta er í samræmi við skráningu Hagstofunnar á Aldursskiptingu þátttakenda er einnig nokkuð í takt við tölur Hagstofu Íslands sem sýna svipaða aldursskiptingu hjá innflytjendum á Íslandi.

Tafla 1. Bakgrunnur þátttakenda.


	n	%
Kynferði	947	
Karlar	253	27
Konur	694	73
Aldurshópar	960	
18-25 ára	57	6
26-40 ára	561	58
41 árs eða eldri	342	36
Uppruni	962	
Mið- eða austur Evrópa	515	54
Vestur Evrópa (annað en Norðurlöndin)	215	22
Norður Ameríka	81	8
Norðurlöndin	36	4
Asía	45	5
Önnur svæði	70	7
Hve lengi búið á Íslandi	964	
2 ár eða skemur	185	19
3-5 ár	334	35
6-10 ár	212	22
11 ár eða lengur	233	24
Menntun	953	
Skyldunám eða styttra	29	3
Starfstengt nám eða stúdentspróf	183	19
Grunnnám á háskólastigi	289	30
Framhaldsnám á háskólastigi	452	47
búseta	950	
Höfuðborgarsvæði	578	61
Reykjanes	76	8
Vesturland	33	4
Vestfirðir og Norðurland vestra	64	7
Norðurland eystra	98	10
Austurland	35	4
Suðurland	66	7

Konur eru um 2/3 þátttakenda í könnuninni sem er ekki í samræmi við kynjahlutfall innflytjenda í skráum Hagstofunnar þar sem karlar eru jafnan heldur fleiri en konur (Hagstofa Íslands, 2022). Um helmingur þátttakenda hefur búið á Íslandi í fimm ár eða skemur og um helmingur sex ár eða lengur sem ef til vill er það sem við má búast ef haft er í huga hversu mikið innflytjendum hefur fjölgað síðustu ár.

Niðurstöður


Mynd 1 sýnir mat þátttakenda á eigin færni í Íslensku í könnuninni sem gerð var veturinn 2021 til 2022 í samanburði við niðurstöðu könnunar sem gerð var með sambærilegri aðferðafræði árið 2018. Niðurstöður sýna að aðeins um einn af hverjum tíu telja sig hafa mjög góða færni í íslensku og um fimmtungur telur færni sína vera frekar eða mjög góða. Það er umhugsunarefni að hlutfall þeirra sem telja færni sína vera mjög góða er hið sama og það var í könnun sem gerð var árið 2018 og að hlutfall þeirra sem telja færni sína mjög lélega hefur hækkað.

Mynd 1. Mat þátttakenda á eigin færni í íslensku, þróun frá 2018 til 2022.



Mynd 2 sýnir mat þátttakenda á eigin færni í íslensku og gefur til samanburðar mat þeirra á eigin færni í ensku. Um helmingur þátttakenda telur færni sína í ensku vera mjög góða og þó í þeim hópi séu einstaklingar frá enskumælandi löndum þá er þarna samt um að ræða hóp sem að langstærstu leyti hefur ekki ensku að móðurmáli. Það hversu góð tók innflytjendur í rannsókninni telja sig hafa á ensku má eflaust að einhverju leyti rekja til sterkrar stöðu ensku sem alþjóðlegs tungumáls. Hins vegar er einnig mögulegt að innflytjendur hafi ólíkar hugmyndir um hvað telst vera mjög góð íslenska annars vegar og góð enska hins vegar. Sú staðreynd að enska er alþjóðlegt tungumál kann þannig að leiða til þess að til verði meira rými til túlkunar á því sem telst vera rétt eða gott í notkun tungumálsins.

Mynd 2. Mat þátttakenda á eigin færni í íslensku og ensku.




Mynd 3 sýnir samanburð á mati þátttakenda á eigin færni í íslensku og ensku. Þar má sjá það hlutfall þátttakenda í könnuninni sem hafa tiltekna samsetningu af færni (að eigin mati) í þessum tveimur tungumálum og þá meðal annars að stærsti einstaki hópurinn (18%) telur sig hafa frekar lélega færni í íslensku en mjög góða færni í ensku.

Mynd 3. Samanburður á mati þátttakenda á eigin færni í íslensku og ensku.

		Færni í ensku				
		Mjög léleg	Frekar léleg	Í meðallagi	Frekar góð	Mjög góð
Færni í íslensku	Mjög léleg	1	2	6	4	6
	Frekar léleg	2	2	6	6	18
	Í meðallagi	1	2	3	7	12
	Frekar góð	1	1	3	3	7
	Mjög góð	0	0	0	1	6

Vert er að vekja athygli á að næstum öll þau sem telja sig hafa frekar góða eða mjög góða færni í íslensku telja sig hafa færni sem er í meðallagi eða betri í ensku. Með hliðsjón af dreifingu svara í mynd 3 má ef til vill skipta innflytjendum í þrjá hópa. Í fyrsta hópnum eru innflytjendur sem hafa frekar góða eða mjög góða færni í íslensku og getur væntanlega notað íslensku til allra daglegra samskipta. Nær allir í þessum hópi hafa einnig ágæta færni í ensku. Í næsta hópi (sem telur um helming þátttakenda í könnuninni) eru þau sem hafa frekar góða eða mjög góða færni í ensku en telja sig hins vegar ekki hafa góða færni í íslensku. Þessi hópur þarf væntanlega (eða kýs) að nýta ensku að stórum hluta til daglegra samskipta. Þriðji hópurinn eru svo þau sem hafa hvorki góða færni í íslensku né ensku. Þessi hópur er um fimmtungur (26%) þátttakenda í könnuninni og er augljóslega sá sem er í lakastri stöðu því þau eiga sennilega í vandræðum með að nota hvort heldur er íslensku eða ensku til daglegra samskipta. Mynd 4 sýnir einfaldaðan samanburð á mati þátttakenda á eigin færni í Íslensku og Ensku og það hlutfall sem fellur í hvern hóp um sig.

Mynd 4. Einfölduð mynd af samanburði á mati þátttakenda á eigin færni í íslensku og ensku.



Tafla 2 sýnir hlutfall þeirra sem falla í hvern hinna þriggja tungumálahópa eftir ýmsum bakgrunni innflytjenda. Þar má meðal annars sjá að þeim hópi sem á erfitt með bæði íslensku

og ensku eru karlar hlutfallslega fleiri en konur meðan konur eru hlutfallslega fleiri en karlar í hópi þeirra sem telja færni sína í íslensku vera frekar góða eða mjög góða

Tafla 2. Mat á eigin færni í ensku og íslensku eftir bakrunni innflytjenda.

% sem eru í hverjum tungumálahóp eftir...	Í meðallagi eða lakari í bæði íslensku og ensku	Í meðallagi eða lakari í íslensku en góð í ensku	Góð í íslensku
Kynferði			
Karlar	33	56	11
Konur	24	51	25
Aldurshópar			
18-25 ára	9	68	23
26-40 ára	21	59	20
41 árs eða eldri	37	39	23
Uppruni			
Mið- eða austur Evrópa	39	45	16
Vestur Evrópa (annað en Norðurlöndin)	10	54	36
Norður Ameríka	0	80	20
Norðurlöndin	19	42	39
Asía	16	69	16
Önnursvæði	15	72	13
Hve lengi búið á Íslandi			
2 ár eða skemur	16	78	7
3-5 ár	25	67	9
6-10 ár	30	44	26
11 ár eða lengur	32	20	48
Menntun			
Skyldunám eða styttra	35	41	24
Starfstengt nám eða stúdentspróf	41	41	19
Grunnnám á háskólastigi	27	52	22
Framhaldsnám á háskólastigi	19	59	22
búseta			
Höfuðborgarsvæði	25	54	21
Reykjanes	35	55	11
Vesturland	44	38	19
Vestfirðir og Norðurland vestra	22	54	24
Norðurland eystra	26	52	23
Austurland	20	43	37
Suðurland	25	52	23

Eldri innflytjendur eru líklegri en þau sem yngri eru til að eiga erfitt með bæði íslensku og ensku meðan yngri innflytjendur eru hlutfallslega fjölmennari í hópi þeirra sem ætla má að

noti ensku helst til daglegra samskipta. Innflytjendur frá mið- og austur Evrópu eru hlutfallslega fleiri í hópi þeirra sem eiga erfitt með bæði íslensku og ensku meðan innflytjendur frá Vestur-Evrópu og norðurlöndunum eru hlutfallslega líklegri til að segjast hafa góða færni í íslensku. Það hversu lengi innflytjendur hafa búið á Íslandi hefur, eðli málsins samkvæmt, mikil áhrif hversu líkleg þau eru til að skipa sér í hvern hinna þriggja tungumálahópa. Áhrif menntunar eru með þeim hætti að þau sem hafa lengri menntun að baki eru líklegri til að nota ensku til samskipta meðan þau sem hafa styttri menntun eru líklegri til að vera í hópi þeirra sem eiga erfitt með bæði íslensku og ensku.

Tafla 3 sýnir hlutfall þeirra sem segja það mjög eða frekar líklegt að þau noti íslensku í ýmsum tilgreindum aðstæðum. Þar má meðal annars sjá að allir þrír hópar leitast við að nota íslensku í verslunum. Það er hins vegar aðeins hópurinn sem telur færni sína í íslensku vera góða eða mjög góða sem notar íslensku almennt til samskipta. Allir hópar eiga það sameiginlegt að nota íslensku síst til samskipta heima með fjölskyldu en þar á eftir koma óformlegar samræður við vini. Hér er vert að huga að ólíkri stöðu þeirra sem ekki hafa góða færni í íslensku eftir því hvort viðkomandi geta notað ensku með árangursríkum hætti eða ekki. Hópurinn sem á erfitt með bæði íslensku og ensku er að þessu leyti í verstri stöðu.

Tafla 3. Notkun á íslensku í ýmsum aðstæðum eftir færni í íslensku og ensku.

	% Frekar líklegt eða mjög líklegt að nota íslensku...				
	Í verslun	Óformlegar samræður við vini	Í lækni- heimsókn	Heima með fjölskyldu	Að ræða vinnutengd mál
Í meðallagi eða lakari í bæði íslensku og Ensku	61	37	39	11	51
Í meðallagi eða lakari í Íslensku en góð í Ensku	60	23	18	16	34
Góð í íslensku	100	89	89	47	93

Tafla 4 sýnir upplifun innflytjenda af því að nota íslensku og þar má meðal annars sjá að um helmingur þeirra sem svöruðu könnuninni segja það gerast oft að þeim sé svarað á ensku þegar þau tala íslensku. Um fimmtingur segir það hafa gerst oft að þau hafi ekki fengið starfs sem þau sóttust eftir vegna kunnáttu sinnar í íslensku. Hér þarf að hafa í huga að það hversu oft viðkomandi hafa verið í þeirri stöðu að sækja um hefur óhjákvæmilega áhrif á hversu oft þessi staða getur hafa komið upp. Meirihluti þátttakenda í könnuninni hafa einhverntíman

lent í því að gert var grín að þeim fyrir að tala íslensku með hreim og um þriðjungur hefur lent í því stundum eða oft. Um helmingur hefur upplifað það að komið var óvingjarnlega fram við þau í opinberri stofnun vegna kunnáttu sinnar í íslensku og um fjórðungur hefur lent í því stundum eða oft.

Tafla 4. Upplifun innflytjenda af því að nota íslensku.

% sem hafa upplifað þetta	Aldrei	Mjög sjaldan	Sjaldan	Stundum	Oft
Mér var svarað á Ensku þegar ég talaði Íslensku	13	9	11	21	47
Ég fékk ekki starf vegna kunnáttu minnar í Íslensku	48	7	7	13	25
Gert var grín að því að ég talaði Íslensku með hreim	37	15	15	17	17
Komið var óvingjarnlega fram við mig í opinberri stofnun vegna kunnáttu minnar í Íslensku	46	15	13	14	12
Komið var óvingjarnlega fram við mig í verslun vegna kunnáttu minnar í Íslensku	44	17	13	14	11
Samstarfsfélagar komu óvingjarnlega fram við mig vegna kunnáttu minnar í Íslensku	49	14	12	15	10
Fjölskylda eða ættingjar hafa brugðist með neikvæðum hætti þegar ég hef reynt að æfa mig í Íslensku	72	10	7	6	4

Tafla 5 sýnir upplifun innflytjenda af því að nota íslensku eftir því hvernig færni þeirra í að nota íslensku og ensku spilar saman. Þar má sjá að hópurinn sem hefur góð tók á ensku en ekki á íslensku sem er líklegastur til að upplifa það þrennt sem er algengast í töflu 4, það er að vera svarað á ensku þegar þau tala íslensku, að hafa ekki fengið starf vegna kunnáttu sinnar í íslensku og að gert var grín að þeim vegna þess að þau töluðu íslensku með hreim. Þetta tengist að líkindum því að samfélagsleg staða hinna þriggja tungumálaþærni hópa er nokkuð ólík (eins og sjá mátti í töflu 2).

Tafla 5. Upplifun innflytjenda af því að nota íslensku eftir færni í íslensku og ensku.

	% Þetta hefur gerst oft...		
	Mér var svarað á ensku þegar ég talaði íslensku	Ég fékk ekki starf vegna kunnáttu minnar í íslensku	Gert var grín að því að ég talaði íslensku með hreim
Í meðallagi eða lakari í bæði Íslensku og Ensku	40	25	11
Í meðallagi eða lakari í Íslensku en góð í Ensku	52	32	22
Góð í bæði Íslensku og Ensku	42	10	10

Tafla 6 sýnir upplifun innflytjenda (það þrennt sem var algengast í töflu 4) af því að nota íslensku eftir bakrunni innflytjenda. Þar má sjá vísbendingu um hvernig mynstrið sem kom fram í töflu 5 tengist mögulega bakgrunni innflytjenda sem áður mátti sjá að tengist því hvernig viðkomandi falla í hina þrjá megin tungumálafærnisflokk.

Tafla 6. Upplifun innflytjenda af því að nota íslensku eftir bakrunni innflytjenda.

	% Þetta hefur gerst oft...		
	Mér var svarað á ensku þegar ég talaði íslensku	Ég fékk ekki starf vegna kunnáttu minnar í íslensku	Gert var grín að því að ég talaði íslensku með hreim
Kynferði			
Karlar	47	24	18
Konur	46	25	16
Aldurshópar			
18-25 ára	55	40	18
26-40 ára	45	29	17
41 árs eða eldri	47	17	16
Uppruni			
Mið- eða austur Evrópa	41	23	15
Vestur Evrópa (annað en Norðurlöndin)	55	20	18
Norður Ameríka	63	35	24
Norðurlöndin	36	19	17

Asía	43	42	14
Önnursvæði	49	37	16
Hve lengi búið á Íslandi			
2 ár eða skemur	43	29	10
3-5 ár	46	30	21
6-10 ár	51	29	18
11 ár eða lengur	47	12	14
Menntun			
Skyldunám eða styttra	36	22	14
Starfstengt nám eða stúdentspróf	42	30	19
Grunnnám á háskólastigi	45	25	17
Framhaldsnám á háskólastigi	50	24	15
búseta			
Höfuðborgarsvæði	49	27	17
Reykjanes	38	31	27
Vesturland	36	18	15
Vestfirðir og Norðurland vestra	44	12	13
Norðurland eystra	45	24	14
Austurland	46	18	20
Suðurland	48	19	11

Tafla 7 sýnir þær ástæður sem innflytjendur tilgreina fyrir því að vilja læra íslensku eftir mismunandi færni í að nota íslensku og ensku. Þátttakendur í könnuninni voru beðin að merkja við allt að þrjár helstu ástæður þess að þau vildu læra íslensku (sækja námskeið). Þar má meðal annars sjá að löngun til að styrkja stöðu á vinnumarkaði er sú ástæða sem flest tilgreina í hópi þeirra sem ekki telja sig vera góð í íslensku. Sá hópur sem nú þegar hefur góð tök á íslensku vill hins vegar bæta færni sína í tungumálinu vegna persónulegs áhuga.

Það getur varpað ljósi á ólíka stöðu þeirra þriggja hópa sem horft hefur verið á í greiningu á niðurstöðum könnunarinnar og þær þrjár ástæður sem flestir velja í hverjum hópi fyrir sig. Hópurinn sem á í erfiðleikum með bæði íslensku og ensku setur það að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði í fyrsta sæti, þar á eftir að eiga samræður á íslensku í núverandi starfi og síðan að bæta aðgengi sitt að opinberri þjónustu. Hópurinn sem er með góða færni í ensku en á í erfiðleikum með íslensku setur það að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði í fyrsta sæti en þar á eftir persónulegan áhuga á tungumálinu. Þar á eftir setur þessi hópur það að eiga samræður á íslensku í núverandi starfi og það að eiga auðveldara með ýmis dagleg störf. Hópurinn sem telur sig hafa góða eða mjög góða færni í íslensku tilgreinir helst persónulegan áhuga á tungumálinu en þar á eftir það að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði og að eiga auðveldara með ýmis dagleg störf.

Tafla 7. Ástæður þess að vilja læra íslensku eftir færni í ensku og íslensku.

% Sem merkja við...	Í meðallagi eða lakari í bæði íslensku og ensku	Í meðallagi eða lakari í íslensku en góð í ensku	Góð í íslensku	Öll
Til að styrkja stöðu mína á vinnumarkaði	54	50	36	48
Persónulegur áhugi á tungumálinu	30	41	51	41
Til að eiga samræður á Íslensku í núverandi starfi	41	31	28	33
Til að eiga auðveldara með ýmis daglegs störf	22	32	32	29
Til að eiga samræður við íslenska vini	21	28	28	26
Til að bæta aðgengi mitt að þjónustu (t.d. heilsugæslu, skattayfirvöldum o.þh.)	34	21	16	23
Til að sækja um íslenskan ríkisborgararétt	17	19	7	16
Til að geta stutt við börnin mín í námi	19	13	19	16
Til að eiga samræður við fjölskylduna mína	6	15	19	13
Til að tengjast betur íslenskum menningararfi	21	8	8	11
Til að taka þátt í félagsstarfi	7	9	17	10
Til að sækja um dvalarleyfi á Íslandi	3	5	1	4

Það er áhugavert að meira að segja sá hópur innflytjenda sem segjast hafa góða eða mjög góða færni í íslensku telur sig samt geta lært íslensku til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði og til að eiga auðveldara með dagleg störf. Mögulega er það vísbending um hversu strangar kröfur eru gerðar til notkunar á tungumálinu og gildi þess að hafa á valdi sínu eitthvað sem kallast gæti „lýtalaus“ íslenska.

Tafla 8 sýnir viðhorf innflytjenda til árangurs af því að sækja námskeið í íslensku. Þar má meðal annars sjá að almennt eru þátttakendur í könnuninni sammála því að það að fara á námskeið í íslensku hafi auki færni þeirra í tungumálinu. Hins vegar er athyglivert í ljósi þess hversu almenna áherslu innflytjendur leggja á að læra íslensku til að bæta stöðu sína á

vinnumarkaði að aðeins um þriðjungur þeirra sem hafa sótt námskeið í íslensku telja að sú hafi verið raunin. Þetta á jafnt við um þau sóttu íslenskunámskeið gagnert til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði og þau sem tilgreindu aðrar ástæður.

Tafla 8. Viðhorf til árangurs af að fara á námskeið í íslensku.

% Hversu sammála eða ósammála eftirfarandi	Mjög ósammála	Ósammála	Hlutlaus	Sammála	Mjög sammála
Að sækja námskeið í íslensku hefur aukið færni mína í tungumálinu	5	15	18	37	24
Ég er ánægð(ur) með afrakstur þeirra námskeiða sem ég hef tekið (til dæmis skírteini sem ég hef fengið)	10	17	36	27	10
Að sækja námskeið í íslensku hefur aukið tengsl mín við Íslendinga	12	26	27	25	10
Að sækja námskeið í íslensku hefur bætt atvinnumöguleika mína	12	26	31	19	12

Umræður og ályktanir

Hér að framan hefur verið farið yfir helstu niðurstöður spurningakönnunar sem gerð var meðal innflytjenda á Íslandi veturinn 2021-2022 um málefni er varða færni þeirra í Íslensku. Þar er vert að staldra við þá staðreynd að innan við þriðjungur þeirra sem könnunin náði til segjast hafa gott vald á Íslensku og þetta hlutfall virðist ekki hækka frá fyrri könnunum sem gerðar voru með samskonar aðferðum. Við þessu þarf að bregðast og þar liggur beint við að horfa til þess að efla umhverfi íslenskukennslu. Í því sambandi má benda á að stór hluti þeirra sem sinna íslenskukennslu til innflytjenda eru ráðin í hlutastörf á skammtímasamningum í námsumhverfi sem fjármagnað er að hluta af námskeiðsgjöldum þátttakenda.

Samhliða því að efla faglegt umhverfi íslenskukennslu þarf að horfa til þess að samræma mat á færni nemenda svo þau sem sækja námskeið eða kennslu í Íslensku eigi auðveldara með að nýta það sér til framdráttar á vinnumarkaði og sem grunn að frekara námi í Íslensku. Stór hluti innflytjenda lýsir í þessari könnun löngun sinni til að geta notað betri færni í Íslensku til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði en þá þarf að horfa til þess að atvinnulífið gefi skýr skilaboð um hverskonar færni í tungumálinu er krafist til að sinna tilteknum störfum.

Jafnframt kemur fram í þessari rannsókn að tæpur fjórðungur þeirra innflytjenda sem tóku þátt í könnuninni segjast hvorki hafa gott vald á Íslensku né Ensku. Þessi hópur stendur augljóslega höllum fæti í samfélagi þar sem tungumál þeirra sem ekki tala góða Íslensku er nær undantekningarlaust Enska. Þegar litið er á samsetningu þessa hóps má sjá að þar má einkum finna karla frá mið- og austur Evrópu sem komnir eru yfir fertugt, eru án háskólamenntunar og hafa búið á Íslandi um nokkurra ára skeið. Þessi hópur hefur af einhverjum ástæðum ekki náð að nýta sér þau námskeið og úrræði sem þegar eru til staðar og huga þarf að því hvernig mæta megi þessum hópi.

Heimildir

- Atkinson, R. og Flint, J. (2001). *Accessing hidden and hard-to-reach populations: Snowball research strategies*. Sótt 3. mars 2019 af <http://sru.soc.surrey.ac.uk/SRU33.PDF>
- Mímir (2023). Íslenskukennsla fyrir útlendinga til umfjöllunar í ráðherranefnd um íslenska tungu. Sótt 19. janúar af <https://www.mimir.is/is/mimir/frettir/islenskukennsla-fyrir-utlendinga-til-umfjollunar-i-radherranefnd-um-islenska-tungu>
- Hagstofa Íslands. (2018). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. Sótt 4. mars 2019 af <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-ef-tir-bakgrunni->
- Hagstofa Íslands. (2022). *Innflytjendur 16,3% íbúa landsins*. Sótt 20. janúar 2023 af <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-ef-tir-bakgrunni-2022/>
- Hoffmann, L., Innes, P., Wojtyńska, A., & Skaptadóttir, U. D. (2021). Adult immigrants' perspectives on courses in Icelandic as a second language: Structure, content, and inclusion in the receiving society. *Journal of Language, Identity & Education*, 1–16. <https://doi.org/10.1080/15348458.2021.1988855>
- Hoffmann, L., & Holm, A.-E. (2022). Learning insular nordic languages: Comparative perspectives on migrants' experiences learning Faroese and Icelandic. *Nordic Journal of Migration Research*, 12(3), 259–275. <https://doi.org/10.33134/njmr.474>
- Menntamálastofnun. (2022). Hæfnisvið og hæfniráttur í íslensku sem öðru tungumáli. Sótt 20. Janúar 2023 af https://mms.is/sites/mms.is/files/haefnisvid_og_haefnirattur_i_isat.pdf
- Stjórnarráðið (2022). Ráðherranefnd um íslenska tungu sett á laggirnar. Sótt 20. Janúar 2023 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/11/14/Radherranefnd-um-islenska-tungu-sett-a-laggirnar/>
- Ómar Hjalti Sölvason og Markus Hermann Meckl (2019). Samfélag án aðgreiningar? Viðhorf innflytjenda á Íslandi til símenntunar og íslenskunámskeiða 2018. Háskólinn á Akureyri 2019. Sótt 19. janúar af <https://www.unak.is/static/files/Frettir/2019/mai/islenskukennsla-innflytjenda.pdf>